

Alþingi
Erindi nr. P 130/1187
komudagur 27.2.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Umsögn vegna frumvarps til laga um erfðafjárskatt.

Samband íslenskra kristniboðsfélaga, sem starfar að kristniboði, hjálpar- og þróunarstarfi í Afríku, mótmælir harðlega þeirri tillögu að fella niður undanþágu frá greiðslu erfðafjárskatts fyrir kirkjur, opinbera sjóði, líknar- og menningarstofnanir eða félög. Það starf sem kristniboðið rekur er að stærstum hluta vegna frjálsra framlaga kristniboðsfélaga og einstaklinga. Niðurfelling á þessari undanþágu kemur til með að hafa mjög letjandi áhrif á þá sem annars vildu láta fjármuni og eignir renna til starfs Kristniboðssambandsins.

Virðingarfyllt, Leifur Sigurðsson fyrir hönd Kristniboðssambandsins